



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 11. desember 2020

R20010376

6206

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um samráð eftirlitsaðila og leyfisveitenda vegna ónæðis tengdu næturlífi í miðborginni

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 9. desembr 2020, lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 13. liður fundargerðar sama dag:

Á 3. fundi Íbúaráðs 28. janúar 2020 fór fram umræða um ónæði vegna næturlífs í miðborginni og í framhaldi var send fyrirspurn til USK og Heilbrigðiseftirlits um samstarf eftirlitsaðila, heilbrigðiseftirlits og lögreglu og upplýsingamiðlun til leyfisveitenda, Borgarráðs og sýslumanns. Svar barst frá heilbrigðiseftirliti 26. maí og voru þá fleiri spurningar sendar. Einnig var lagt fram erindi fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráðinu um svar Heilbrigðiseftirlits Reykjarvíkur og samþykkt að vísa erindinu til umhverfis- og heilbrigðisráðs. Á fund nr. 7 þann 22. september barst svar frá Heilbrigðiseftirliti og af því er ljóst að samráð eftirlitsaðila og leyfisveitenda er sáralítið og leggur Íbúaráð Miðborgar og Hlíða þá fram svohljóðandi bókun: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir því að mótað verði formlegt samráð milli eftirlitsaðila og leyfisveitenda og að allt verklag leyfisveitinga og eftirlits verði gert skýrara en nú er. Stöðugur hávaði um nætur sem nágðannar ýmissa kráa og skemmtistaða þurfa að búa við er heilsuspillandi og því um mikilvægt lýðheilsuáttál að ræða. Vísbendingar eru um að íbúum hafi fækkað í húsnæði sem er nálægt næturlífinu og nauðsynlegt er að þessi mál verði tekinn fastari tókum ef íbúabyggð í miðbænum á að þrífast. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum um hvort einhver vinna hefur farið fram til að bæta þetta verklag.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs

Svara er óskað innan þriggja vikna.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson
Starfsmaður íbúaráða